Fundargerð 100. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2026, mánudaginn 21. september kl. 08:15 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Íris Róbertsdóttir, Fannar Jónasson, Gerður Björk Sveinsdóttir, Jón Björn Hákonarson, Sigfús Ingi Sigfússon, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Heimir Örn Árnason og Sigurjón Andrésson.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Samtök sjávarútvegssveitarfélaga - ársreikningur 2025 - 2606001SU**

   Stjórn SS samþykkir ársreikninga samtakanna eftir að þeir hafa verið kynntir aðildarsveitarfélögum og yfirfarnir af skoðunarmönnum, en þeir eru síðan lagðir fram á næsta aðalfundi til staðfestingar.

   Ársreikningur hefur verið kynntur aðildarsveitarfélögum og yfirfarnir af skoðunarmönnum. Næsta skref er að stjórn undirriti ársreikning sem lagður er fyrir aðalfund til staðfestingar.

   Ársreikningur 2024 hefur áður verið samþykktur en verður sendur til undirritunar eftir fund.

   Ársreikningur er samþykktur og verður sendur til undirritunar að fundi loknum.

2. **Samtök sjávarútvegssveitarfélaga - fjárhagsáætlun 2027-2029 - 2609001SU**

   Starfs- og fjárhagsáætlun til næstu tveggja ára skal lögð fram á aðalfundi til samþykktar.

   Fjárhagsáætlun samþykkt með áorðnum breytingum þar sem lagt er til að hækka árgjalda um 50%. Markmiðið er að tekjur samtakanna standi undir reglubundnum rekstri og dragi úr þörf fyrir áframhaldandi fjármögnun úr sjóðum. Nánari rökstuðning má finna í greinargerð með fjárhagsáætlun.

3. **Samtök sjávarútvegssveitarfélaga - aðalfundur 2026 - 2606002SU**

   Stjórn SS skal boða til aðalfundar eigi síðar en tveimur vikum fyrir fundardag. Fundarboði skulu fylgja dagskrá fundarins, drög að skýrslu stjórnar, ársreikningar samtakanna, tillaga að fjárhagsáætlun og tillögur um lagabreytingar.

   Aðalfundur skal ákvarða hverju sinni árgjöld aðildarsveitarfélaga þannig að samanlögð árgjöld nægi til þess að standa straum af kostnaði við rekstur samtakanna.

Stjórn samtakanna skal leggja fram tillögu um árgjöld fyrir hvert þing. Við ákvörðun árgjalda skal taka sanngjarnt tillit til íbúafjölda aðildarsveitarfélaga.

Stjórn samþykkir að boða til aðalfundar þann 7. október nk. klukkan 13:00 og er starfsmanni samtakanna falið að senda út fundarboð til aðildarsveitarfélaga.

4. Önnur mál - 2511002SU

Fundi var slitið kl. 09:00